

Ed.

1265. Frumvarp til laga

[532. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Eiður Guðnason.

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi **ákvæði til bráðabirgða**:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara er ráðherra heimilt að veita öðrum aðilum heimild til staðbundins útvarpsrekstrar á tilraunatímabili er hefst 1. janúar 1986 og lýkur 31. desember 1988.

Heimildin er bundin eftirgreindum skilyrðum:

1. Útvarpsréttarnefnd, er Alþingi kýs og skipuð er 7 mönnum, skal gera tillögur til ráðherra um almennar reglur, sem gildi fyrir staðbundinn útvarpsrekstur, hvort sem um er að ræða útvarp eða sjónvarp. Í almennum reglum fyrir staðbundinn útvarpsrekstur skulu vera ákvæði um leyfisgjöld sem renna í ríkissjóð, um þátt innlestrar dagskrárgerðar í dagskrá staðbundinna stöðva, um verð og hlutfall auglýsinga í útsendri dagskrá og ákvæði sem tryggja óhlutdrægni í dagskrá og ábyrgð á útsendu efni. Að fengnum tillögum nefndarinnar setur ráðherra reglugerð um staðbundinn útvarpsrekstur í tilraunaskyni.

Nefndin fjallar einnig um umsóknir til tilraunaútvarps og gerir tillögur til ráðherra um leyfisveitingar og um sviptingu leyfa. Að loknu tilraunatímabilinu skal nefndin semja skýrslu um reynslu af staðbundnu útvarpi annarra aðila en Ríkisútvarpsins og skal hún þá jafnframt gera tillögur um framtíðarskipan útvarpsmála og nauðsynlegar lagabreytingar í því sambandi.

Útvarpsráð, sbr. 6. gr. laga þessara, fjallar ekki um útvarpsrekstur samkvæmt þessu ákvæði.

2. Brjótí leyfishafi gegn settum reglum um útvarpsrekstur skal ráðherra veita viðkomandi áminningu, en við nýtt brot getur ráðherra afturkallað leyfið.
3. Tilraunaútvarp það, er að framan greinir, geta leyfishafar sent út með þrenns konar hætti:
 - a. Með því að leigja dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir sjónvarp á þeim tímum sem Ríkisútvarpið nýtir eigi kerfið. Er útvarpsstjóra heimilt að gera slíka samninga við þá aðila er hafa leyfi til útvarpsrekstrar. Í slíkum tilvikum er heimilt að láta útsendingar ná til landsins alls.
 - b. Með því að leigja rásir í boðveitukerfum sveitarfélaga, en sveitarfélögum og samtökum þeirra skal heimilt að koma á fót slíkum kerfum þrátt fyrir ákvæði fjarskiptalaga um einkarétt Landssíma Íslands.

Búnaður boðveitna skal uppfylla almennar reglur Póst- og símamálastofnunarinnar um senditíðni og aðra eiginleika senditækja og aðgangur að notkun þeirra skal öllum frjáls sem fengið hafa leyfi til útvarpsrekstrar og uppfylla almenn skilyrði um notkun boðveitna sem viðkomandi sveitarstjórnir hafa sett.
 - c. Með eigin senditækjum sem hafa skulu takmarkaða sendiorku og fullnægja almennum reglum Póst- og símamálastofnunarinnar um senditíðni og aðra eiginleika senditækja. Við það skal miða að sendingar séu staðbundnar og miðist við sveitarfélag leyfishafa og næsta nágrenni.
4. Leyfishafar geta aflað sér tekna til að standa undir útvarpsrekstri með eftirfarandi hætti:
 - a. Með afnotagjöldum sem innheimt eru með notkun sérstaks búnaðar hjá viðtakendum útvarpsendinga.

- b. Með auglýsingum sem miðist við verslun og þjónustu á starfssvæði leyfishafa, enda fari hlutfall auglýsinga af útsendri dagskrá eftir nánari ákvörðun útvarpsréttarnefndar.
5. Öllum er heimil móttaka dagskrár sem send er um gervihnetti gagnert til dreifingar til almennings og heimilt er að dreifa slíkri dagskrá um boðveitukerfi, enda brjóti dagskrárefni eða auglýsingar, sem því fylgja, eigi í bága við íslensk lög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar þetta frv. til breytinga á gildandi útvarpslögum er lagt fram virðist stefna í það að frv. ríkisstjórnarinnar til nýrra útvarpslaga verði afgreitt frá Alþingi með stuðningi færri en 30 þingmanna, þannig að málið hefur ekki meirihlutastuðning á Alþingi. Þetta er að mati flm. býsna alvarlegt mál þar sem hér er um að ræða mál sem snertir þjóðina alla, mál sem mikilvægt er að sæmilegur friður ríki um og mál sem ætti að kappkosta að ná sem víðtækastri samstöðu um.

Þetta frv. er flutt til þess að sýna fram á að með því að breyta núgildandi útvarpslögum er unnt að skapa aukið frelsi og ná ýmsum þeim markmiðum sem menn segjast vilja keppa að. Frv. felur það í sér að við núgildandi útvarpslög bætist ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér afnám á einkarétti Ríkisútvarpsins til útvarps og gerir öðrum kleift að hefja útvarpsrekstur á tilraunátímabili sem gert er ráð fyrir að hefjist 1. janúar 1986 og ljúki 31. desember 1988, með öðrum orðum í þrjú ár.

Á tilraunátímabilinu væri edlilegt að reynt yrði að ná sem víðtækustu samkomulagi um nýja útvarpslöggjöf er yrði þá væntanlega lögð fram á Alþingi einu ári áður en tilraunátímabilinu lýkur.

Flm. er ljóst að ef svo heldur fram sem nú horfir um þinglausnir þá er næsta lítil von til þess að þetta frv. geti komið til umræðu. Það er hins vegar flutt fyrst og fremst til að undirstrika að vilji menn raunverulega auka frelsi í útvarpsmálum þá er þetta einfaldasta og greiðasta leiðin sem samstaða ætti að geta skapast um.